

Markmið

Í smiðju er leitast við að tengja nám nemenda við lykilhæfni eins og hún er skilgreind í Aðalnámsskrá sem færni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnufærni, færni í nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Farið er yfir námsefnið i sérstökum lotum, eða svokölluðum *sprellifixum*, sem standa yfir í 2-4 vikur í senn. Lögð er áhersla á samvinnunemenda í bland við sjálfstæð vinnubrögð. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem eiga rætur sínar að rekja í hugmynda um hæfni og færni fyrir 21. öldina. Flestar þeirra byggja á leitaraðferðum: *verkefnamiðuðu nám* (e. project-based learning), *þemanámi* (e. thematic teaching), *þrautarlausnarnámi* (e. problem-based learning) og *hönnunarmiðuðu nám* (e. design-based learning).

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

Námsgögn

Samfélagsfræði

- Frelsi og velferð
- Á ferð um samfélagið

Náttúrufræði:

- Eðlisfræði 1 (rafmagn, hljóð, varmi og veður)
- Efnisheimurinn (efnajöfnur)
- Maður og náttúra (erfðafræði)

Íslenska:

- Logar
- Heimir - handbók um heimildaskráningu